

Siglingaráð

32. fundur

Dags.: 19. maí 2022, kl. 11:00 til 13:10 í Samgöngustofu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (innviðaráðuneyti), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Rebekka Hilmarsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Arthur Bogason (Landssamband smábátæigenda), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Björgólfur H. Ingason (Landhelgisgæsla Íslands), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Eggert Ólafsson (innviðaráðuneyti), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmþækningarmanna), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild).

Lagt var fram:

- Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
- Fundargerð 31. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
- Kynning á haf- og strandskipulagi. (hlekkir sendir með dagskrá fundar).
- Umsóknir um styrkir til hugvitsmanna (send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

- Fundargerð 31. fundar samþykkt.**
- Fræðsla, áróður og auglýsingar.** ÞP upplýsti að áhersla verði á áróður um hlustun á rás 16 í kringum Sjómannadaginn. Bent var á að gagnlegt væri að gera smá útlitsbreytingar á eldri auglýsingum til að vekja betur athygli á þeim. Skráningakerfið Atvik verður opnað formlega á Sjómannadag og síðan auglýst rækilega. Rætt var um aðferðir til að bæta aðgengi að myndefni með fræðslu um sjómennsku og öryggismál. BHI benti á að mikilvægi þess að setja upp sendi við Patreksfjörð til að bæta fjarskipti á svæðinu.
- Lög og reglugerðir.** ÁP upplýsti að ráðherra hafi mælt fyrir tveimur breytingum á lögum á Alþingi þ.e. lögum um Slysavarnaskóla sjómanna og lögum um Vaktstöð siglinga. Áhafnarlögin eru komin úr nefnd en þar voru gerðar breytingar, sjá nánar á vef Alþingis.
Í samráðsgáttinni eru:
 - Reglugerð um heilbrigðisþjónustu, lyf og lækningatæki um borð í íslenskum skipum, búið er að vinna úr umsögnum og verður umsón með reglugerðinni líklega færð til heilbrigðisyfirvalda.
 - Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturland. Verið er að fara yfir umsagnir hjá ráðuneytinu. Umræða var um málið og kom m.a. fram hjá PÆP að engin rök væru fyrir því að banna flutningaskipum að fara innri leiðina enda er hún öruggara í slæmu veðri en nýliðinn vetur var óvenju illviðrasamur.
- Öryggisáætlun sjófarenda, stefna fyrir 2023 til 2027.** ÁP sagði frá vinnunni og óskaði eftir þátttöku sem flestra í ráðinu. ÁP ætlar að senda á alla síðasta stefnuskipti. Samráðshópur var settur á laggirnar en í honum verða ÁP, BA, GHB og HS/IV.
- Umsóknir um styrki 2022.** ÁP upplýsti að fjórar umsóknir hafi komið frá þremur aðilum en þeir eru Aldan, Strandvari og Fisktækniskólinn með tvær. 2,5 mkr eru til skiptanna og verða umsóknir meðhöndlaðar samkvæmt starfsreglunum. Matshópurinn RH, GHB og ÞP skoðar umsóknir og gera tillögu að styrkveitingum. ÁP ætlar að senda umsóknirnar á alla ráðsmenn.
- Ráðstefnur haustsins.** Þema ráðstefnu 29. september er grænar lausnir í siglingum og búið er að panta sal á Grand hótél. Lagt var til að fá fyrirtækið Bláma til að vera með erindi og rætt var um

orkuskipti í skipum vítt og breytt. Athuga þarf skráningar á orkunotkun í siglingum og bent var á að gera þurfi kröfur um að skemmtiferðaskip noti eigin vistvæna eða losunarfría orkugjafa þegar þau eru við bryggju. ÁP ætlar að senda hlekk á mynd Orkustofnunar.

Haft verður í huga að halda næsta vetur öryggisráðstefnuna sem var frestað vegna Covid.

7) Önnur mál.

- a) Björgun og sjúkraflutningar. VV sagði frá þegar barnabarn hans var hætt komið í Vestmannaeyjum og þarfnaðist tafarlausrar aðgerðar á Landspítala. Vegna mikillar þoku var sjúkraflug eingöngu mögulegt með þyrlu og var bið eftir henni um tvær klukkustundir þrátt fyrir útgefinn 40 mínútna útkallstíma. VV sagði að það væri ólíðandi hversu oft þyrlur LHG væru ekki tiltækar þegar á þyrfti að halda. Höfum þrjár en yfirleitt tvær í stoppi sama gagnrýni á við um skipin en aðeins eitt varðskip er í notkun hverju sinni. Það verður að tryggja fjármagn til LHG til að bæta úr þessum vanköntum. Tekið var undir þetta og að það væri á fleiri stöðum á landsbyggðinni þar sem eini valkosturinn í skjótum sjúkraflutningum til Reykjavíkur væri með þyrlu tam. Þar sem flugvellir eru ekki með brautarljós og því ónothæfir í myrkri. Þá skiptir aðgengi að þyrlum sköpum fyrir öryggi sjófarenda. Tryggja verður fjármagn til fullnægjandi reksturs bæði þyrla og skipa Landhelgisgæslu.
- b) Siglingar á vötnum. Rætt var um slys og atvik á vötnum en skoða þarf hvort ástæða sé til að setja sérstakar reglur um siglingar og öryggisbúnað báta í ferðaþjónustu. Einnig þarf að athuga með kortlagningu á fjölförnum vötnum svo sem Þingvallavatns, Skorradalsvatns.
- c) Haf- og strandsvæðaskipulag. ÁP upplýsti um skipulag fyrir Austfirði og Vestfirði sem verður kynnt í sumar. Voru fulltrúar í ráðinu beðnir um að skoða tillögurnar og senda á hana athugasemdir. PÆP benti á að skilgreindar siglingaleiðir væru ekki svokallaðar afmarkaðar siglingaleiðir heldur örugg svæði fyrir siglingu skipa og þar má ekki setja neinar hindranir svo sem fiskeldiskvívar. Rætt var um þörf á regluverki varðandi búnað tengdum fiskeldi sem skilinn er eftir í sjó þegar rekstri er hætt.
- d) Ljóslaus viti í Reykjavík. AB sagði að litli vitinn við Höfða væri ljóslaus. Athugasemd verður send á Vegagerðina.
- e) Siglingaráðsfundur á landsbyggðinni. BA lagði til að næsti fundur verði haldinn á landsbyggðinni og bauðst til að útvega fundaraðstöðu í sinni heimabyggð. Tekið var vel í tillöguna og verður málið skoðað í ráðuneytinu.

Næsti fundur: Stefnt er að fundi 2. júní og verður hann boðaður í tölvupósti.

IV og ÁP rituðu fundargerð.